

Fundur foreldraráðs/félags haldinn 8. október 2014

Mættir: Valgerður – Þóra Björk – Birgitta - Elín Júlíana – Erna. Sigurlaug leikskólastjóri og Heiða aðstoðarleikskólastjóri. Jóhanna Karitas boðaði forföll.

Sigurlaug leikskólastjóri lagði fram og fór yfir það sem segir í lögum um leikskóla nr. 90/2008 varðandi foreldraráð í leikskólum.

Kosið var í hlutverk foreldraráðs og foreldrafélags fyrir næsta skólaár. Valgerður Kristjánsdóttir (Esther Emelía – Sunnulundi) verður formaður foreldraráðs en aðrir í foreldraráði verða Erna Magnúsdóttir (Iðunn Isobel – Geislalundi) og Jóhanna Karitas Traustadóttir (Kristófer Guðjón – Bjartalundi). Formaður foreldrafélagsins verður Þóra Björk Waltersdóttir (Dagur Fannar – Bjartalundi og Aðalheiður – Sunnulundi) en aðrir í foreldrafélaginu verða Elín Júlíana Sveinsdóttir (Dagur Freyr - Sunnulundi) og gjaldkeri verður Birgitta Elín Helgadóttir (Ólafur Helgi – Geislalundi).

Formaður foreldraráðsins Valgerður verður einnig tengiliður við Reynislundinn en það er Heiða aðstoðarleikskólastjóri sem hefur haldið utan um það verkefni.

Í stuttu máli var farið yfir hefðir sem hafa skapast s.s. jólaföndur, jólasvein, sveitaferð og leiksýningu fyrir börnin.

Valgerður sagði frá tónlistarnámskeiðum sem hægt er að kaupa inn í leikskólann.

Rætt um SOS verkefnið okkar en það verður samstarfsverkefni leikskólans og foreldrafélagsins.

Ritari Sigurlaug